



**BA ritgerð**  
**Félagsráðgjöf**

**Kynjuð félagsmótun**

Áhrif umhverfis á kynhugmyndir ungra barna

Kristjana Marín Jónsdóttir

**Leiðbeinandi: Guðbjörg Ottósdóttir**  
**Júní 2018**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD



**Kynjuð félagsmótun**  
***Áhrif umhverfis á kynhugmyndir ungra barna***

Kristjana Marín Jónsdóttir

020892-3749

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Guðbjörg Ottósdóttir

Stærð ritgerðar í ECTS einingum: 12 einingar

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2018

Kynjuð félagsmótun: Áhrif umhverfis á kynhugmyndir ungra barna

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf  
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.  
© Kristjana Marín Jónsdóttir, 2018

Reykjavík, Ísland, 2018

## Útdráttur

Umhverfi barna og þau uppeldisskilyrði sem þau búa við geta átt mikinn þátt í upplifun þeirra á réttu og röngu í lífinu. Ritgerðin varpar ljósi á þennan þátt félagsmótunar barna og áhrifin sem umhverfið hefur á sjálfsmynd þeirra. Markmið ritgerðarinnar var að skoða umhverfi ungra barna með tilliti til staðalmynda og kynjunar. Leitast var við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hefur félagslegt umhverfi ungra barna áhrif á kynhugmyndir þeirra? Starf félagsráðgjafa var sérstaklega skoðað í þessu samhengi og hvernig þverfagleg þekking og heildarsýn félagsráðgjafa geta haft áhrif á kynhugmyndir barna. Ákveðið var að skoða fyrst og fremst leikskólaaldur barna, rýna í umhverfi barna á þeim aldri og reyna að greina hvort þar væri eitthvað sem mætti betur fara.

Niðurstöður ritgerðarinnar sýna að það er margt í umhverfi barna sem mótar þau og hefur áhrif á kynhugmyndir þeirra. Stærstur hluti af mótun barnanna fer fram inni á heimili þeirra eða í leikskóla. Því er mikilvægt fyrir þá sem vinna náið með börnum að vera meðvitaðir um áhrifin sem umhverfið kann að hafa og sporna gegn mismunun kynjanna. Niðurstöður rannsókna sýna einnig að þeir sem vinna með börnum telja sig vinna með jafnrétti að leiðarljósi en þegar nánar er að gætt mætti margt vera betur gert. Það er mikilvægt fyrir félagsráðgjafa sem vinna með börnum og öðru fagfólki að vera vel upplýstir og meðvitaðir um jafnrétti kynjanna til að geta beitt sér og brugðist við þegar það á við. Jafnrétti kemur öllum við. Þeir sem vinna með börnum eru mikilvægar fyrirmyndir og hafa áhrif á sjálfsmynd og hegðun barnanna.

## Formáli

Ritgerð þessi er 12 ECTS eininga lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Sérstakar þakkir fær leiðbeinandi minn, Guðbjörg Ottósdóttir fyrir leiðsögn og hagnýtar ábendingar. Einnig vil ég þakka foreldrum mínum, Ernu Valdísi Sigurðardóttur og Jóni Víkingssyni fyrir ómældan stuðning og þolinmæði á meðan skrifum stóð. Fjölskylda og vinir fá þakkir fyrir að halda mig við efnið og hvetja mig áfram. Guðrún Svanfríður Eyjólfsdóttir og Andrea Vigfúsdóttir fá lof fyrir yfirlestur og gagnlegar athugasemdir. Síðast en ekki síst vil ég þakka syni mínum, Ísak Þór, fyrir að opna augu mín varðandi þetta málefni og sýna mér hversu mikilvægt er að vera meðvitaður um staðalmyndir samfélagsins.

## Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>5</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>6</b>
<b>Efnisyfirlit</b> .....	<b>7</b>
<b>1 Inngangur</b> .....	<b>8</b>
<b>2 Skilgreiningar</b> .....	<b>10</b>
2.1 Kyn og kyngervi .....	10
2.2 Kynhlutverk .....	11
2.3 Staðalmyndir .....	11
<b>3 Kenningar um kynjaða félagsmótun</b> .....	<b>12</b>
3.1 Kerfiskenningin .....	12
3.2 Félagsnámskenning Bandura .....	14
3.3 Eðlishyggja vs. mótunarhyggja.....	15
3.4 Femínískar kenningar.....	17
3.4.1 <i>Femínísk félagsráðgjöf</i> .....	18
<b>4 Kvenleiki og karlmennska</b> .....	<b>19</b>
4.1 Kvenleiki.....	20
4.2 Karlmennska .....	20
<b>5 Áhrif foreldra, leikskóla og nánasta umhverfis</b> .....	<b>22</b>
5.1 Foreldrar og annað heimilisfólk .....	23
5.2 Leikskólinn .....	24
5.2.1 <i>Sýn leikskólastarfsmanna</i> .....	25
5.3 Fjölmíðlar og leikfangafyrirtæki.....	27
5.4 Leikföng og barnaefni .....	28
<b>6 Kynjajafnrétti og félagsráðgjöf</b> .....	<b>30</b>
6.1 Jafnrétti í nánasta umhverfi barna .....	30
6.2 Félagráðgjöf og aðkoma félagsráðgjafa .....	32
<b>7 Umræður og lokaorð</b> .....	<b>34</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>37</b>

## 1 Inngangur

Börn þurfa að fá tíma til að þroskast, ekki einungis líkamlega og andlega, heldur einnig vitsmunalega og félagslega. Þroski er mikilvægur fyrir börn svo þau séu í stakk búin til að takast á við þau verkefni sem nútíma samfélag býður uppá. Fræðimenn hafa komist að því að líttill munur sé á hegðun og heilastarfsemi stúlkna og drengja við fæðingu en þegar börnin eldast þá verður munur kynjanna meira áberandi og geta orðið árekstrar síðar meir vegna þess. Börn geta þá orðið mjög ólík og hafa sérfræðingar í þroskaferli barna sagt að það sé jafn mikill kynjaður breytileiki á milli barna af sama kyni og barna af sitt hvoru kyninu. Þrátt fyrir að börn séu ólík þá deila þau þeim eiginleika að vera fljót að læra á umhverfið í kringum sig og eru snemma á ævinni tilbúin að takast á við ýmis verkefni. Eitt af stærstu verkefnum sem börn takast á við er að aðlagast nýja heiminum í kringum sig eftir að þau fæðast og átta sig á hvernig sá heimur virkar. Annað stærsta verkefnið sem þau takast á við er að skilja fólkið sem það deilir þessum nýja heim með, líkja eftir hegðun þeirra og móta svo smá saman sína eigin hegðun og ímynd (Sue Palmer, 2014).

Fræðimenn telja, að til að öðlast virðingu meðal annarra, þurfi einstaklingar að haga sér samkvæmt viðurkenndum hugmyndum um kynhlutverk og hegðun sem samfélagið hefur sett. Ef börn hagi sér eins og samfélagið gerir ráð fyrir að þau hagi sér, megi telja að þau njóti mun meiri virðingu meðal jafnaldra sinna heldur en þau börn sem brjóta mynstrið og haga sér á annan hátt, eins og að brjótast gegn ríkjandi hugmyndum samfélagsins. Börn hafi í raun ekki þá burði sem til þarf svo unnt sé að öðlast þá félagslegu stöðu sem ákjósanlegt sé og verði því ekki hátt sett á meðal jafningja sinna (Þórdís Þórðardóttir, 2015).

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða félagslegt umhverfi ungra barna með tilliti til staðalmynda og kynjaðrar félagsmótunar. Mikilvægt er fyrir börn og fullorðna að vera meðvituð um þær kröfur sem samfélagið gerir til barna einungis vegna kyns þeirra. Leitast verður við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hefur félagslegt umhverfi ungra barna áhrif á kynhugmyndir þeirra? Starf félagsráðgjafa verður sérstaklega skoðað í þessu samhengi og hvernig þverfagleg þekking og heildarsýn félagsráðgjafa geta haft áhrif á kynhugmyndir barna.



Fyrst verða hugtök skilgreind sem koma fyrir í ritgerðinni. Þar á eftir er kafli um algengar kenningar innan félagsráðgjafa sem falla að kynjaðri félagsmótun barna og verður viðfangsefni ritgerðarinnar sett í kenningarleg tengsl. Í næsta kafla á eftir verða hugtökin karlmennska og kvennleiki afmörkuð í þessu samhengi og gerð verður grein fyrir því hvaða áhrif þessi hugtök kunna að hafa á ung börn eftir því hvernig þeim er beitt. Kaflinn þar á eftir fjallar um áhrif foreldra, fjölskyldu og leikskóla og aðra umhverfisþætti sem skipta máli þegar skoða á félagsmótun barna. Að lokum verður kynjajafnrétti á Íslandi skoðað sem og starf félagsráðgjafa og hvaða möguleika þeir hafa til að vinna að málefnum sem þessum. Stuðst er við bæði erlendar og íslenskar ritrýndar heimildir sem er að finna í tímaritum, á internetinu og í bókum. Einnig er stuðst við rannsóknarskýrslur og aðrar upplýsingar af veraldarvefnum s.s. skýrslur.

## 2 Skilgreiningar

### 2.1 Kyn og kyngervi

Þegar verið er að fjalla um kyn þarf að gera sér grein fyrir því hvort verið sé að ræða um líffræðilegt kyn (e.sex) eða kyngervi (e.gender). Kyn er hugtak sem notað er þegar verið er að segja til um hvort einstaklingurinn sé kona eða karl og er það metið út frá líffræðilegum einkennum, m.a. kynfærum. Einnig vísar það til þeirra meðfæddu eiginleika sem einstaklingar fæðast með. Kyngervi hefur ekkert með líffræðileg einkenni að gera heldur vísar það til félagslegrar hegðunar og mótaðra hlutverka sem einstaklingur temur sér. Samfélagslegar kröfur um það hvernig einstaklingur skal haga sér og sú félagsmótun sem á sér stað í samfélaginu eru dæmi um hvernig kyngervi myndast. Hægt er að túlka kyngervi á margan hátt, þ.e.a.s. hvernig einstaklingurinn upplifir sig, hvaða merkingu samfélagið setur í kyngervið með tilliti til reglna og væntinga í samskiptum þeirra á milli. Einnig geta stofnanir og fyrirtæki sett ákveðinn skilning í hugtakið. Þegar einstaklingur fæðist karlkyns er oftast ætlast til ákveðinnar hegðunar af honum sem telst karlmannleg, eins þegar einstaklingur fæðist sem kvenkyns er oftast ætlast til hegðunar sem talin er kvenleg. Í raun er hægt að segja að bæði kyn og kyngervi sé meðfætt en að munurinn liggir í því að félagslegir þættir móta ekki kyn, einungis kyngervi (Budgeon, 2014; Dozier, 2005; Mascia-Lees og Blac, 2000). Hægt er að skilja þessi hugtök betur þegar við tengjum þau við dæmi. Það að segja „þetta er strákur“ myndi flokkast undir hugtakið líffræðilegt kyn. Kyngervið vísar hinsvegar til þess að best sé að kaupa blá föt, bíla og ofurhetju leikföng þar sem það samsvarar þeim hugmyndum um hvernig strákar eiga að haga sér og hvers konar hegðun sé karlmannleg. Mikilvægt er að skilja vel muninn á þessum hugtökum þar sem sá skilningur getur verið lykilatriði þegar bera á saman konur og karla og hegðun þeirra (Papa og Gavrilu, 2015).

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu undanfarin ár um að kyn sé í raun líka félagslega mótað rétt eins og kyngervi. Þá er verið að vísa til þeirra sem skilgreina sig sem trans, en þar er kyn ekki tvær andstæður heldur margar og því verið að hafna þeim hugmyndum um hvernig á að flokka fólk eftir kyni eins og er gert þegar verið er að ræða líffræðilegt kyn (Weger, 2016).

## 2.2 Kynhlutverk

Þegar talað er um kynhlutverk er vísað í félagsmótaðar hugmyndir sem voru ríkjandi um hlutverk kvenna og karla hér áður fyrr, en það hefur breyst mikið, og þá sérstaklega í vestrænum ríkjum. Þá var talið að konur væru fyrst og fremst góðar í umönnunarstörfum, í uppeldi barna og í húsmæðrahlutverkinu á meðan voru karlarnir taldir vera fyrirvinnur og fjölskyldufeður. Á tímum iðnbyltingarinnar í Evrópu þróuðust kynhlutverkin í þá átt að konur höfðu það hlutverk að annast og sjá um heimilið en karlar það hlutverk að vera á vinnumarkaðnum og sjá fyrir fjölskyldu og heimili. Kynhlutverk innan heimila og utan þess hafa breyst töluvert á undanförunum áratugum. Kynhlutverk og hugmyndir sem þau byggja á finnast alls staðar í heiminum en eru breytileg eftir samfélögum, stað og stund (Sue Palmer, 2014; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Rannsóknir benda á að börn séu strax á unga aldri farin að hafa mótaðar hugmyndir um kyn sitt og hvað sé æskilegt og rétt að gera þegar kemur að því að velja sér hlutverk í samfélaginu. Börn sem upplifa sig í hefðbundnu kynhlutverki höfðu þá meiri áhuga á leikjum og verkefnum ætluðum sínu kyni (Patterson, 2012).

## 2.3 Staðalmyndir

Staðalmyndir eru fyrirfram ákveðnar hugmyndir um hvernig fólk á að haga sér eða hvernig það á að líta út í samræmi við kyn, kynþátt, stétt, aldur o.fl., allt eftir því hvaða hópi og stétt það tilheyrir innan samfélagsins. Þá má nefna hvernig fólk klæðir sig, hegðar sér í samskiptum og hvaða atvinna er talin hæfa þeim einstakling. Aðkoma systkina og fjölskyldumeðlima getur haft mikil áhrif á kynjaðar staðalmyndir barna (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Endengijk, Groenveld, van Berkel, Hallers-Haalbook, Mesman og Bakersmans-Kranenburg 2013).

Rannsóknir á staðalmyndum barna hófust að miklu leyti í kringum 1970. Síðan þá hafa margar rannsóknir verið gerðar og hafa þær sýnt að staðalmyndir ná yfir marga aldurshópa, jafnvel niður til tveggja ára barna. Stúlkur eru þá sýndar sem blíðar, góðar, hlýðnar og viðkvæmar, ólíkt drengjum sem eru sýndir sterkir, ágengir og hugaðir. Staðalmyndir sem þessar ná að viðhaldast í umhverfi barna með t.d. barnaefni og fjölmiðlum. Á síðustu tveimur áratugum hafa stúlkubörn verið kynggerðar af samfélaginu í enn frekari mæli en áður, jafnvel þó þær séu mjög ungar. Þegar talað er um að kyngera stúlkur er átt við að þær eru metnar út frá því hversu kynþokkafullar þær eru og hvort

þær hagi sér á kynpokkafullan hátt. Flestar birtingarmyndir kyngerðra kvenna og stelpna fela í sér hlutgervingu af einhverju tagi, en það er þegar lifandi fyrirbæri fá eiginleika dauðra hluta. Rannsóknir hafa sýnt fram á að þegar stelpur eru kyngerðar endurtekið hefur það neikvæð áhrif á þroska þeirra og sjálfsmynd. Sem dæmi má nefna að niðurstöður Stone, Brown og Jewell úr rannsókn þeirra frá árinu 2015, en þar kemur fram að þegar ungar stúlkur fylgjast með konum sem hafa verið kyngerðar að einhverju leyti í auglýsingum og fjölmiðlum sýna stúlkurnar lægri líkamsvirðingu, neita sér ýmissar fæðu, eru með lægra sjálfsálit og glíma margar við þunglyndi. Þó svo að strákar séu ekki kyngerðir á sama hátt og stelpur verða þeir fyrir áhrifum þessara skilaboða um stelpur. Ef strákar samþykkja þessi skilaboð er líklegra að sú ímynd haldist að konur séu hlutir sem notaðir eru í kynlífi og karlmenn séu virkar kynverur með langanir og þrár og staðalmyndir kynjanna haldist hvað varðar kyngerðar konur og kynlíf (Stone, Brown og Jewell, 2015).

Félagsráðgjafar hafa siðlegar skyldur til að reyna að koma auga á kynjamisrétti og ættu þeir að leggja sig fram við að koma í veg fyrir það misrétti með því að hrekja burt staðalmyndir um kynin. Staðalmyndir ýta undir kynjamisrétti og valda skaða við einstaklinga af báðum kynjum (Weger, 2016). Það telst þó hollt fyrir einstaklinga að veita framkomu sinni, hegðun og útliti athygli. Þó þarf að passa að verða ekki of upptekin af eigin ímynd og gæta þarf þess að reyna að búa ekki til óraunhæfar væntingar til sín eða óraunhæfa sjálfsmynd (Sue Palmer, 2014).

### **3 Kenningar um kynjaða félagsmótun**

Í þessum kafla verður fjallað um helstu kenningar er tengjast viðfangsefni ritgerðarinnar, sem er félagsmótun og áhrif umhverfis á einstaklinga. Kerfiskenningin, félagsnámskenning Bandura, eðlis- og mótunarhyggju kenningar og femínískar kenningar þóttu eiga vel við umfjöllunarefnið og skýra vel hvernig einstaklingar læra af umhverfinu og hvað þarf að hafa í huga við félagsmótun barna.

#### **3.1 Kerfiskenningin**

Kerfiskenningar hafa verið þekktar frá 1930 og eru þær með elstu kenningum í vinnuaðferðum félagsráðgjafar. Kenningin hefur það að sjónamiði að greina sambönd og tengsl milli einstaklings og félagslegra kerfa. Lögð er áhersla á allan einstaklinginn og allt

umhverfi hans og hvernig það hefur áhrif á hegðun hans. Félagsráðgjöfin notar þessa kenningu með það að markmiði að bæta sambönd milli skjólstæðings og kerfa í umhverfi hans. Talið er að aukin tengsl skjólstæðingsins við umhverfið sitt stuðli að virkni og velferð hans (Healy, 2014).

Í kerfiskenningu sem og í öllu starfi félagsráðgjafans á að beita heildarsýn. Með heildarsýn er leitast við að skilja einstaklinginn í öllu félagslegu samhengi, nær og fjær. Hvort sem það er fjölskyldan, menningin, gildin, stór kerfi, lítil kerfi eða annað. Með heildarsýn er reynt að stuðla að ákjósanlegri stöðu fyrir einstaklinginn í samfélagi og líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð hans. Til að sjá allar hliðar einstaklingsins og öllu umhverfi hans, þarf að horfa á litlu myndina og stóru myndina. Þá eru notuð hugtökin micro, meso og macro. Micro er næsta umhverfi einstaklingsins, líkaminn, sálin, líðan hans og tilfinningar. Meso er nærumhverfið t.d. skóli, búð, fjölskylda, vinir og starfið. Macro eru stóru stofnanirnar og kerfin í kringum einstaklinginn (Healy, 2014).

Samkvæmt kerfiskenningunni hafa margir þættir í umhverfi einstaklingsins áhrif á hann. Þættir í umhverfinu, fjölskyldunni sem og menningar- og samfélagsþættir eru þeir þættir sem hafa hvað mest áhrif á einstaklinginn, stuðla að þroska hans og móta hann. Kerfiskenningin leggur áherslu á að lausn vandamála sé ekki að finna hjá einstaklingnum sjálfum heldur í umhverfi hans sem einkennist af nokkrum kerfum og að skoða þurfi þau öll til þess að átta sig á vandanum og finna rót hans. Breytingar í einu kerfi geta haft áhrif á það næsta og því er mikilvægt að hafa heildarsýn að leiðarljósi þegar unnið er út frá kerfiskenningunni (Beckett og Taylor, 2010).

Fjölskyldukerfiskenningin er kenning sem kom fram um 1970 og á rætur sínar að rekja til kerfiskenningarinnar. Helsti munur þessara tveggja kenninga er sá að kerfiskenningin skoðar mörg kerfi sem kunna að hafa áhrif á einstaklinginn á meðan fjölskyldukerfiskenningin lítur einungis til fjölskyldunnar. Þar er fjölskyldan skilgreind sem ákveðið kerfi og hefur hegðun einstaklinga innan hennar áhrif á alla meðlimi. Tengsl milli meðlima fjölskyldunnar hafa áhrif á alla innan hennar og segir til um hversu sterkt kerfið er. Ef tengslin eru sterk verður fjölskyldukerfið sterkt, en ef tengslin eru veik verður kerfið veikt (Lander, Howsare og Byrne, 2013; Bowen, 2007).

Í 2. grein í lögum um leikskóla nr. 90/2008 segir meðal annars að stuðla eigi að víðsýni barna og efla siðferðisvitund. Eins er fjallað um að þjóðfélagið sé í örri og sífelldri þróun

og að í leikskólum skuli grundvöllur lagður að því að börn verði ábyrgir og sjálfstæðir þátttakendur í þjóðfélaginu. Í aðalnámskrá leikskóla, grein 2.4.1. segir orðrétt: „Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Það er því búið að binda í lög að börn á leikskólaaldri skuli vera frædd um að þau eigi að líta gagnrýnum augum á viðteknar hugmyndir í samfélaginu. Það má því segja að samkvæmt kerfiskenningum sé svokallað macro umhverfi barns, eða það sem fjærst er einstaklingnum, búið að smíða ákveðnar leiðbeiningar um hvernig koma megri í veg fyrir misrétti og staðalmyndir. Það er aftur á móti óljóst hvers vegna slíkar hugmyndir ná ekki alltaf til nærumhverfis (e. micro) barna og staðlaðar kynímyndir og hugmyndir um hlutverk kynjanna virðast verða til inni á heimilum barna fremur en á þeim stofnunum sem þau þó eyða svo miklum tíma á.

Félagsráðgjafar eru hluti af ysta kerfi (macro) samkvæmt kerfiskenningum og starfa samkvæmt lögum og reglum sem sett eru af yfirvöldum. En þeir starfa jafnframt með fjölskyldum og eru þar af leiðandi tengiliður milli kerfa. Þeir starfa þvert á kerfin sem fjallað er um í kerfiskenningum og hafa þessa heildarsýn á stöðu einstaklinga sem er svo mikilvægt þegar farið er að vinna með hugsanlegar ástæður misréttis, sem oft er undirrot veikrar stöðu fólks í samfélaginu (Embætti landlæknis, e.d.). Þannig gætu félagsráðgjafar flutt með sér hugmyndir og stefnu stjórnvalda inn í fjölskyldumeðferðir og önnur störf þar sem jafnvel er unnið með hugmyndir um kynjahlutverk og hlutverk einstaklinga á heimili.

### **3.2 Félagssnámskenning Bandura**

Félagssnámskenning Bandura byggist á samspili þekkingar og reynslu einstaklingsins, umhverfi hans og hegðun. Kenningin er skilgreind sem tiltekin hegðun í samræmi við aðstæður í samfélaginu og er megin undirstaða kenningarinnar sú að persónueiginleikar og umhverfi hafi áhrif á hegðun einstaklingsins og er hvorugur þáttur meira ríkjandi en hinn. Þessi kenning bendir á að bæði börn og unglingar fái hugmyndir af viðurkenndri hegðun og hugsun út frá hegðun annarra. Allt gerist það með samskiptum þeirra við einstaklinga og með áhorfi. Bandura setur fram fjögur skref *félagssnáms*, en félagssnám vísar til ferlis þar sem einstaklingur lærir hegðun af öðrum í félagslega umhverfi sínu. Í fyrsta stiginu sér einstaklingurinn einhverja hegðun í umhverfinu, man eftir því,

einstaklingurinn tekur upp slíka hegðun og þá verðlaunar umhverfið einstaklingnum eða refsar honum fyrir hegðunina, sem gefur til kynna hvort hegðunin komi til með að birtast aftur eða ekki. Geta einstaklinga til að tileinka sér samþættar hegðunareiningar án þess að þurfa að læra hegðunina smám saman eykst með því að horfa á aðra gera hlutina. Þá þurfa einstaklingar að fara sjaldnar í gegnum það að reka sig á og gera mistök. Nánast öll hegðun einstaklinga er lærð af öðrum, hvort sem það er ómeðvitað eða meðvitað og því er mikilvægt hvernig einstaklingar sýna hegðun sína þar sem hún er öflugt kennslutæki (Hanna, Crittenden, og Crittenden, 2013; Muuss, 1988; Bandura, 1977; Bandura, 1971).

Þegar einstaklingur hugsar eitthvað sem annar aðili gerði og framkvæmir síðan það sama sjálfur kallast það herminám. Því er mjög mikilvægt að börn og unglingar hafi góðar fyrirmyndir í lífinu til að geta samsamað sig við og tekið upp hegðun og skoðanir sem þykja æskilegar. Þegar börn eldast breytast oft viðhorf þeirra og félagslegir þættir. Þegar börn eru ung eru foreldrar oft en ekki þeir sem þau líta hvað mest upp til, síðar meir bætast svo þjálfarar, kennarar og fleiri við. Eftir því sem börn verða eldri breytast félagsleg gildi líka hratt. Gildi innan vinahópsins fara að hafa áhrif á einstaklinginn, bæði á ákvarðanir hans, útlit og venjur (Bandura, 1977; Muuss, 1988).

Bandura veitti því athygli hversu mikilvægt er að hafa trú á eigin getu. Hann telur að með hvatningu og áhuga geti einstaklingurinn leyst hin ýmsu verkefni út frá trú sinni á eigin getu. Þá nefnir hann að meginstoðir trúar á eigin getu séu líðan og reynsla einstaklingsins, herminám og sú staðfesting sem hann fær frá öðrum. Reynsla einstaklingsins gefur honum trú á sjálfan sig ef allt gengur vel og ef útkoma er í samræmi við væntingar styrkir það trú einstaklingsins á eigin getu enn betur. Að upplifa hrós er mikilvægt fyrir einstaklinga ef þeir eiga að byggja upp trú á eigin getu og er því mikilvægt að upplifa stuðning ef eitthvað er gert vel. Börn og unglingar þurfa að fá hrós frá einstakling sem þau treysta svo að þau taki mark á hrósina (Bandura, 1997).

### **3.3 Eðlishyggja vs. mótunarhyggja**

Eðlishyggja felur í sér hugmyndir um andstæður á milli kynjanna og gefur sér að þær séu líffræðilegs eðlis. Þeir sem fylgja þessum hugmyndum halda því fram að fólk hafi mismunandi áhugamál og ólíkar áherslur einungis vegna þess að sá hinn sami er með líkama karls eða konu. Þeir sem styðja hugmyndir eðlishyggju hafa notað viðhorf sín til að réttlæta ýmislegt misrétti sem hefur átt sér stað á milli kynjanna. Þá má nefna að

eðlishyggjusinnar telja að konur leiti frekar í umönnunarstörf vegna þeirra meðfæddra eiginleika sem þær búa yfir, á meðan karlmenn leiti frekar í störf þar sem þörf er á samkeppni og hugrekki vegna dugnaðar síns. Ung börn fá oft að kynnast eðlishyggju í gegnum barnaefni, þar sem þau flytja þekkinguna sem fæst úr því barnaefni yfir á nánasta umhverfi sitt og læra þannig hvað telst sem venjuleg eða óvenjuleg hegðun stúlkna og drengja, karla og kvenna (Þórdís Þórðardóttir, 2012; Blaise og Taylor, 2012).

Þegar börn alast upp við hugmyndir eðlishyggjunnar verða þau viðhorf, sem henni tengjast, hluti af mótun þeirra og hafa áhrif á væntingar þeirra til starfs og náms. Ung börn virðast móta kynhugmyndir til ýmissa atvinnugreina sem fylgja þeim svo fram á unglings ár og geta þannig haft áhrif á starfs- og/eða námsval þeirra síðar meir. Orðræðan um stúlkur og drengi virðist viðhalda hugmyndum eðlishyggjunnar og eru þær kynjuðu kröfur sem settar eru á ung börn þá uppfylltar. Kynjamisrétti viðhelst þegar gildi fjölskyldunnar mótast af eðlishyggju og hægir það á að jafnrétti verði náð (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Hugmyndum um eðli kynjanna var hafnað að mestu á seinni hluta tuttugustu aldarinnar með komu mótunarhyggjukenninga. Mótunarhyggja, öfugt við eðlishyggjuna, telur að kynjuð sjálfsmynd og hegðun einstaklinga mótist vegna þeirra hugmynda sem ríkja í samfélaginu um kyngervi og kynhlutverk. Því er talið að kyn sé félaglega- og menningarlega mótað. Þeir sem aðhyllast mótunarhyggju telja að hegðun einstaklinga myndist vegna hugmynda samfélagsins. Ólík staða kynjanna og hlutverk þeirra eru talin vera vegna þeirra hugmynda sem eru viðurkenndar í samfélaginu sem einstaklingurinn lifir í. Reynsla einstaklingsins og þekking hans á mismunandi hlutverkum í samfélaginu er því fengin með upplifun hans á umheiminum í kringum sig. Mótunarhyggjan bendir einnig á að ekki sé hægt að setja merkingu í eitthvað nema einhver hugsun liggja á bakvið. Merkingin mótast þá í félagslegum veruleika einstaklinga, athöfnum þeirra og samskiptum við annað fólk. Því sé hægt að ætla að einstaklingar leggi mismunandi skilning í mismunandi fyrirbæri og getur það verið háð aðstæðum, reynslu, tíma eða jafnvel menntun. Bakgrunnur þeirra hefur þannig áhrif á hvernig mismunandi aðstæður eru túlkaðar. Þeir sem aðhyllast þessum kenningum ganga út frá því að samfélagið móti kynin á ólíkann hátt og haldi jafnframt þeirri mótun við (Þórdís Þórðardóttir, 2012; Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2011; Creswell, 2007; Crotty, 1998).



Eins og fram kemur hér að ofan eru hugmyndir eðlishyggju og mótunarhyggju andstæður. Rökræðan snýst um það hvort að hegðunarmynstur kynjanna sé mismunandi vegna eðli þeirra eða umhverfis. Þar eru helstu átökin hvort kynið eigi að taka að sér að vera fulltrúi ákveðinnar hegðunar, eiginleika og verkefna. Í Íslensku samfélagi eru enn einhverjir sem telja karlmenn eiga vera skynsamir og hugaðir á meðan konur eiga að vera tengdar náttúrunni og tilfinningaverur, þó svo að hugmyndir mótunarhyggjunnar séu viðurkenndari í dag (Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2011).

### **3.4 Femíniskar kenningar**

Kenningar um femínisma komu upprunalega fram sem mótmæli gegn kúgun kvenna og ganga þessar kenningar helst út á það að sporna gegn ranglæti sem einstaklingar af annarri kynhneigð, stétt, aldri eða kynþætti gætu upplifað. Þeir grundvallarþættir sem ríkja í femíniskri hugmyndafræði eru helst að efnahagslegur, pólitískur og félagslegur jöfnuður þurfi að ríkja á milli kynjanna. Rannsóknir á þessu sviði skoða helst ójöfnuð á valdi og ranglæti sem vill verða vegna kyns og/eða kynhneigðar. Gagnrýni á ríkjandi ástand sem og það gildismat sem er viðurkennt hverju sinni er stór hluti af kenningum um femínisma og hvað þær ganga út á. Kenningar um femínisma og þeir sem vinna að þeim kenningum hafa átt stóran þátt í því að koma í veg fyrir mismunun og fordóma í garð kvenna sem og annarra hópa með baráttu sinni og fræðslu. Flestir talsmenn femíniskra kenninga eru á sama máli um að kyngervi einstaklinga sé félagslega mótað frekar en eðlislægt eða meðfætt (Þorgerður Einarsdóttir, 2004; Numer og Gahagan, 2009; Szymanski, 2005; Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir, 2005).

Mikil þróun hefur verið á femínisma á Íslandi undanfarin ár sem og femíniskri umræðu. Lögð hefur verið áhersla á margbreytileika kvenna en umræðan beinist þó oftar að valdamun kynjanna sem enn er til staðar. Sú fræðilega þekking um stöðu kvenna og aðra minnihlutahópa sem femínistar hafa aflað er mikilvæg þegar þróa á jafnréttisstaf á Íslandi sem og erlendis (Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir, 2005).

Póststrúktúralískur femínismi snýst hinsvegar helst um að skilja hugtakið kyngervi og skoða hvaða áhrif ríkjandi gildi samfélagsins hafa á þróun og myndun kyngervis einstaklinga. Þessi tegund femínisma ýtir undir það að veita börnum athygli þegar þau eru

að móta eigið kyngervi. Orðræða sem er endurtekin í umhverfi okkar á það til að móta hugmyndir okkar um ákveðin fyrirbæri, en það getur leitt til ójafnvægis. Dæmi um þessar hugmyndir er m.a. hvernig einstaklingur á að haga sér út frá kyni og hvað það er sem telst karlmannlegt og kvenlegt (Blaise og Taylor, 2012).

### **3.4.1 Femínisk félagsráðgjöf**

Megin hugmynd femínisma er nokkuð einföld, en hún er sú að það séu ekki tvær tegundir af fólk í þessum heimi, eða ríkjandi einstaklingar og víkjandi einstaklingar, heldur gerir hún grein fyrir því að allir skuli vera jafnir, óháð kyni, kynþætti, aldri o.s.fv. Þar er lögð áhersla á að allir einstaklingar séu jafnir óháð kyni og að því þurfi að breyta samfélagslegum gildum sem stangast á við jafnrétti. Þá þurfi að endurskapa hugmyndir á þann hátt að það endurspegli jafnrétti kynjanna. Samkvæmt þessum hugmyndum eru femínistar á móti hverskonar mismunum, þá er einnig átt við ríkjandi og víkjandi einstaklinga mismunandi kynþáttar, stéttar, aldurs eða kynhneigðar. Með þessum hugmyndum hafa þeir sem aðhyllast femínisma komið kynjamismunum að í kortum um félagsleg vandamál og sýnt hversu skaðleg áhrif sú mismunun getur haft á velferð kvenna. Með þessari baráttu hefur margt breyst hvað varðar velferð kvenna, en Dominelli og McLeod nefndu m.a. betri andleg og líkamleg heilsa, betri pólitísk staða og sátt við að vera kvenmaður og hvaða eiginleika konan hefur sem slík. Eins hafi verið nokkuð algengt að karlmenn séu að upplifa verri líðan og mikla tilfinningaflækju vegna þrýstings um að standast kröfur um staðalmynd karlmennskunnar. Femínismi reynir ekki einungis að útrýma og varpa ljósi á mismunum sem konur verða fyrir heldur er reynt að gera einstaklinga jafna óháð kyni. Það eiga allir sama rétt á virðingu og jöfn tækifæri eiga að vera til staðar (Dominelli og McLeod, 1989).

Mikið hefur verið skrifað um femíniska félagsráðgjöf og hvað hún felur í sér. Femínisk félagsráðgjöf gengur út á femíniska nálgun í einu og öllu, en innan hennar er skilningur á valdi, ofbeldi, yfirráðs og verndar frá sjónarhorni kvenna. Femínisk félagsráðgjöf er í raun félagsráðgjöf þar sem lögð er áhersla á konur, jafnrétti og samfélagslegu stöðu fólks út frá kyni. Í femíniskri félagsráðgjöf er unnið með mismunandi hópum, konum, körlum, fjölskyldum, samfélögum og stofnunum og sýna þannig fjölbætta starfsemi ráðgjafarinnar (Pandya, 2014).

Femínísk félagsráðgjöf einkennist af mikilli áherslu á virðingu, samkennd og svörun í öllum mannlegum samskiptum. Fagið einblínir á að í samskiptum milli kynslóða, kynja, starfsstétta og skólastiga þurfi konur að öðlast jafnari stöðu og að tjá gremju sína ef komið er fram við þær af vanvirðingu í þessum samskiptum. Meðal viðfangsefna femínískrar félagsráðgjafar er að aðstoða konur sem hafa verið beittar misrétti við að sjá að þær eiga hugsanlega ekki alla sökina á þeirri slæmu stöðu sem þær eru í. Þar spila líka inn í pólitískar og félagslegar aðstæður og öfl sem halda konum niðri og viðhalda ójöfnuði (Turner og Maschi, 2015).

Valdeflandi kenningar femínisma eru mikilvægar fyrir félagsráðgjafa sem starfa í nánasta umhverfi einstaklinga, en jafnframt þurfa félagsráðgjafar að beita áhrifum sínum á félags- og stjórnmálalegum stigum þjóðfélagsins. Þessar kenningar bæta við og víkka þá heildarsýn sem félagsráðgjafar þurfa að hafa til að greina félagslega stöðu fólks sem þeir vinna með. Konur standa höllum fæti í ýmsum samfélögum og félagsráðgjafar geta hjálpað þeim í átt að sjálfstyrkingu og þannig aukið möguleika þeirra á að fóta sig í samfélaginu. Félagsráðgjafar aðstoða fólk við að láta rödd þess heyrast og femínísk félagsráðgjöf er því mikilvægur þáttur í valdeflingu kvenna (Turner og Maschi, 2015).

#### **4 Kvenleiki og karlmennska**

Karlmennska og kvenleiki eru þær væntingar sem fólk hefur til annarra í samfélaginu þegar kemur að kynjahlutverkum. Þessar væntingar geta verið mjög ólíkar á milli samfélaga og menningarhópa. Einnig geta þessar væntingar breyst með tímanum, því er oft talað um að til séu margar útgáfur af karlmennsku og kvenleika. Mótunarhyggjukenningar leggja áherslu á að hægt sé að móta eðli karlmannna og kvenna en eðlishyggjukenningar telja að karlmennskan og kvenleikinn sé meðfætt og ekki hægt að breyta (Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2011). Talið er að þær hugmyndir sem börn hafa af kvenleika og karlmennsku hafi mótast af kynjuðum klæðnaði og útliti sem og þeirra félags- og menningarlegu hugmynda fólks um það hvaða hegðun sé viðeigandi fyrir stúlkur, drengi, konur og menn (Þórdís Þórðardóttir, 2012).

Erlendar rannsóknir benda til þess að þær hugmyndir sem ungt fólk hefur um karlmennsku og kvenleika séu að breytast mikið, bæði héraðs og í hinum

Norðurlöndunum. Þær rannsóknir benda á að þessi hugtök séu menningarbundin og sýna einnig fram á að erfitt geti verið að ráðast gegn þeim staðalmyndum sem eru samþykktar og ráðandi, eins og á mörgum stöðum innan samfélagsins. Þó að jafnréttisfræðsla hafi að mestu beinst að stelpum er nú orðið æ algengara að leggja áherslu á jafnréttisfræðslu sem höfðar betur til strákanna. Mögulega er það vegna þess hversu mikilvægt það er að skilja hvernig skólasamfélagið skapar og ræktar mismunandi hugmyndir um karlmennsku og hvaða afleiðingar þessar hugmyndir hafa. Áhersla á kynjajafnrétti er mikilvæg ef rjúfa á þær karlmennskuhugmyndir sem eru til staðar núna sem og rjúfa vítahring eðlishyggjunnar og því kynbundna ofbeldis sem fylgir oft karlmenskunni (Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2017).

#### **4.1 Kvenleiki**

Kvenleiki er hugtak sem er félagslega mótað og birtist það í mismunandi aðstæðum með ólíkum hætti. Styðjandi kvenleiki er hugtak sem vísar til þess að konur eigi að mæta þörfum og löngunum karla. Gagnvirkt samband er á milli styðjandi kvenleika og ráðandi karlmennsku, en kvenleikinn viðheldur ákveðnum athöfnum sem styrkja að mörgu leyti stofnanabundið yfirráð karla yfir konum. Hægt er að segja að styðjandi kvenleiki gangi mestmegnis út á hlýðni. Hún mótar tengslin á milli karla og kvenna og hlýðninni er haldið við í fjölmiðlum og öðru markaðsstarfi umfram það sem þekktist í ráðandi karlmennsku. Andstæðan við styðjandi kvenleika er mengandi kvenleiki. Þetta er ein tegund kvenleikans sem nær illa að láta í sér heyra vegna styrkjandi kvenleika og ríkjandi karlmennsku. Þessi kvenleiki er talinn menga það samband sem er á milli kvenleika og karlmennsku sem byggir á undirskipan kvenna. Mengandi kvenleiki er sá kvenleiki sem sýnir vald, er óhlýðinn og axlar ábyrgð. Þessi tegund kvenleika er nauðsynleg til að skilgreina hvernig æskileg hegðun kvenna eigi að vera. Femínismi gengur að hluta til út á það að hafna hugmyndum styðjandi kvenleika og ýta undir mengandi kvenleika þar sem það er verkfæri í átt að auknu kynjajafnrétti (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

#### **4.2 Karlmennska**

„Oft heyri ég þó sjónarmið sem flokkuð eru undir félagslega eðlishyggju á þann veg að drengjum sé eðlilegt að móta hver annan á þennan hátt til að þeir verði sannir karlmenn sem hvorki gráti, klagi né láti í ljós tilfinningar sínar á einn eða annan

aumingjalegan hátt. Þeir eiga að vera hetjur, t.d. „hetjur hafsins“ eða „þróttahetjur“ eða eitthvað annað sem sker þá frá „kellingum“. (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 70)

Eins og sjá má í frásögn Ingólfs Ásgeirs af hans upplifun um kynjuð sjónarmið í samfélaginu eru enn aðilar sem aðhyllast eðlishyggju í samfélaginu okkar og skilgreina karlmennsku út frá því. Hugmyndir um karlmennsku fela meðal annars í sér það að strákar verði að passa sig að verða ekki stelpulegir. Ef þeir eru á einhvern hátt stelpulegir sé þeim oft strítt vegna þess og sagðir vera stelpustrákar. Ef ungir strákar ætla að verða alvöru karlmenn þurfi þeir að vera með karlmannlegt göngulag, passa að tala í þeirri tóntegund sem sæmir alvöru karlmanni og haga sér á þann hátt sem telst við hæfi hverju sinni. Undanfarin ár hafi sumstaðar talist karlmannlegt að gera grín af stelpum og þeim strákum sem skera sig úr á einhvern hátt, eins og þeir strákar sem hafa kvenleg áhugamál eða eiginleika sem teljast ókarlmannlegir (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Karlmennska sem byggist á undirskipan kvenna er talin geta valdið jafnvel karlmönnum miklum skaða, komið í veg fyrir félagslegt réttlæti og jafnrétti. Því er talið til mikils að vinna ef ýtt er undir þær karlmennskuhugmyndir sem hvorugt kyn hlítur skaða af og að þannig sé reynt að stuðla að réttlátu samfélagi (Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2011). Í bók Ingólfs Ásgeirs, Karlmennska og jafnréttisuppeldi, tekur hann fram að hann telji einungis tvennt sé í ríkjandi karlmennskuhugmyndunum sem valdi karlmönnum skaða á einn eða annan hátt. Þar nefnir hann meðal annars óbeint ofbeldi, þar má nefna klám og gróft tal um konur og klámvæðing. Með klámvæðingu á hann við klámfengnar auglýsingar, tónlistarmyndbönd, fatnað og tal. Markmiðið að birta kynbundna valdbeitingu á þennan hátt er helst að styrkja undirskipan kvenna og bendir hann á að þessi valdbeiting fari ekki saman við hugmyndir sem snúa að jafnréttissamfélagi sem á að byggja á tilfinningatengslum og gagnkvæmri virðingu. Ingólfur nefnir einnig að samfélagslegar hugmyndir um atvinnu karla og kvenna geti verið skaðlegar körlum á margan hátt. Karlar eiga það til að festast í fyrirvinnuhlutverkinu og hamlar það þeim að velja það sem þeir vilja starfa við. Þarna bendir Ingólfur á að karlmenn haldi aftur af sér einungis vegna þrýstings frá samfélaginu um hvað má og hvað má ekki. Hann telur að þessi hegðun innan ríkjandi karlmennsku hindri að mörgu leiti jafnrétti og félagslegt réttlæti í samfélaginu (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

Nýjar karlmennskuhugmyndir hafa verið að brjótast fram í fjölmiðlum á undanförunum árum, en þar er lögð áhersla á mýkri hliðar karlmennskunnar. Nú til dags er gerð krafa til karlmanna að sjá jafnt um heimilið og konur, sinna börnunum, líta vel út og koma vel fyrir, rækta líkama og heilsu sem og standa sig vel á vinnumarkaði. Því er ekki rétt að tala einungis um staðalmyndir kvenna og útlit þeirra, því karlmenn eru einnig undir miklum þrýstingi hvað varðar útlit sitt, framkomu og hegðun. Í Bandaríkjunum hafa verið gerðar rannsóknir á sjálfsánægju karlmanna og kom í ljós að margir karlmenn eru mjög ósáttir við það hvernig þeir líta út. Þá hefur einnig orðið mikil aukning í fegrunaraðgerðum karlmanna, eins og fitusogi og botox, en það efni er notað til þess að minnka hrukkur. Ætla má að staðamyndir af myndarlegum, duglegum karlmönnum sem birtast oft í fjölmiðlum hafi leitt til þessara niðurstaðna. Í þessum heimi sem við búum í, sem gerir harðar kröfur til beggja kynja að standa sig vel í öllu sem það tekur sér fyrir heldur, er ekki óeðlilegt að verksvið kynjanna verði líkt. Helstu kröfur hins fullkomna karlmanns í dag eru að hann standi sig vel jafnt í vinnu sinni sem og heima fyrir, gefi sér tíma fyrir maka sinn og börn, kunni að töfra fram ljúffengan mat, er orðheppinn, reynslumikill ferðalangur, eyðir bæði tíma og pening í útlitið og sé myndarlegur. Því er ekki hægt að tala um að konur verði einungis fyrir þrýsting frá samfélaginu að vera nokkuð fullkomnar, heldur eru karlmenn líka orðnir fórnarlömb staðalmyndanna og útlitsdýrkunar (Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2011; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004).

## **5 Áhrif foreldra, leikskóla og nánasta umhverfis**

Á heimilum barna og leikskólum eru börn stöðugt að afla sér þekkingu sem þau beita síðar. Sú sjálfsvirðing sem börn á leikskóla öðlast virðist vera tengd kyni barnsins og uppruna þess, þekkingu barnsins á vissu barnaefni og þeim viðhorfum sem leiksólakennarinn hefur gagnvart barninu. Val fullorðinna á barnaefni er mjög mikilvægt, hvort sem það eru foreldrar, aðrir fjölskyldumeðlimir eða leikskólakennarar. Börn nota þær upplýsingar sem þau fá úr barnaefninu m.a. til að gera sér mynd af því hvernig stelpur og strákar eigi að vera og hvernig eigi að haga sér eftir kyni (Þórdís Þórðardóttir, 2015; Þórdís Þórðardóttir, 2012).

Í nútíma samfélagi gegnir fjölskyldan ekki jafn miklu ábyrgðarhlutverki við mótun einstaklinga eins og áður var. Ábyrgðin hefur dreifst yfir á uppeldis- og félagsmótunaraðila líkt og leikskóla, frístundaheimili og skóla svo eitthvað sé nefnt. Áður var þetta hlutverk einungis ætlað fjölskyldu, en staðan er önnur í dag (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Í jafnréttisþjóðfélagi líkt og því sem ríkir á Íslandi er mikilvægt að setja upp kynjagleraugu, sérstaklega í skólum, til að fá betri sýn um þær staðreyndir sem ríkja um karlmennsku, kvenleika og jafnrétti (Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2017).

### **5.1 Foreldrar og annað heimilisfólk**

Fjölskyldan er ein af grunnstoðum samfélags og hafa flestir einstaklingar þörf á að tilheyra fjölskyldu á einhvern hátt. Hún er einnig talin vera öryggisnet einstaklinga þar sem þeir eiga að geta treyst á hana frá fæðingu til dauða og er hlutverk fjölskyldunnar að hlúa að og annast einstaklinginn, m.a. hvað varðar efnahag, lög eða siðferði (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Kenningar sýna fram á að smekkur foreldra og þeirra sem búa með barninu hafi áhrif á barnið. Þekking þeirra mótast eftir þeim lífsstíl sem ríkir á heimili þeirra og skoðunum foreldra á ýmsum málefnum. Ef foreldrar vilja hjálpa börnum sínum að verða besta útgáfan af sjálfum sér verða þeir að leyfa barninu að vera sjálfstæður einstaklingur sem og svara síbreytilegum þörfum þeirra (Þórdís Þórðardóttir, 2015; Sue Palmer, 2014).

Fullorðið fólk, sérstaklega foreldrar bera mikla ábyrgð á því hvernig staðalmyndir kynjanna þróast. Þeirra skoðanir og hegðun hefur áhrif á börn og þeirra félagsmótun. Talið er að foreldrar barna ákveði fatnað, leikföng og bækur með tilliti til kyns barnsins og þannig myndast staðalmyndir sem börnin taka með sér út í lífið og yfirfæra á aðra í kringum sig. Á þennan hátt þróa börn hugmyndir um hegðun stelpna og stráka þegar þau eiga samræður við fólk eða eru í leik við önnur börn. Einnig er þekkt að foreldrar velji barnaefni fyrir börn sín eftir því hvort um er að ræða stelpu eða strák. Ýmsir fræðimenn hafa haldið því fram að það sé í eðli barna að velja leikföng sem hæfa kyni þeirra, þá hafa aðrir fræðimenn bent á þá staðreynd að félagslegt umhverfi barna, sérstaklega áhrif foreldra, hafi áhrif á leikfangaval barna. Þegar leikföng eru valin fyrir barnið og leikið er með þau miðli foreldrar þekkingu sinni og væntingum um kynbundna hegðun til barna sinna. Rannsóknir hafa sýnt fram á að bæði val á leikföngum sem og viðbrögð foreldra við

leikjum barnanna sé það sem hefur mestu áhrifin á börn þegar þau læra viðeigandi kynjahlutverk (Wood, Desmarais, og Gugula, 2002; Þórdís Þórðardóttir, 2012).

Foreldrar eiga það til að styðja þær upplýsingar um kynin sem fást í umhverfi okkar, í gegnum þau tækifæri sem þau gefa börnum sínum til leiks. Rannsóknir á þessu sviði hafa sýnt fram á að staðalímyndir kynjanna væru algengari hjá feðrum en mæðrum og bendir það því til þess að foreldrar geti haft mismunandi áhrif á leik barna sinna hvað varðar kynjun. Báðir foreldrar eru þó jafn líklegir að kaupa leikföng sem falla að staðalmyndum kynjanna fyrir barn sitt frekar en að kaupa hlutlaus leikföng. Viðskiptavinir leikfangabúða, ekki einungis foreldrar, heldur barnlaust fólk líka, hafa meiri tilhneigingu til að kaupa kynjuð leikföng heldur en hlutlaus leikföng, sérstaklega þegar verið er að kaupa leikföng fyrir stráka (Wood, Desmarais og Gugula, 2002).

## 5.2 Leikskólinn

Skólar eru flóknar stofnanir þar sem fjölmörg verkefni eru unnin. Á síðustu árum hefur stefnur skóla og það starf sem þar er unnið breyst mikið. Nýjar áherslur í lögum um leikskóla nr. 90/2008 og kjarasamningum kennara sem og námskrár skóla hafa einnig orðið fyrir miklum breytingum. Skólastjórar hafa því mikla ábyrgð og sinna fjölbættu starfi, en þeir t.d. bera ábyrgð á því að unnið sé eftir lögum þar sem hlutverk hans felst í því að leiða starf skólans. Því þarf skólastjórinn að hafa góða yfirsýn yfir þau markmið sem stefna á að í skólastarfinu og hvernig forgangsroðun verkefna á að fara fram. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla á skólastarf alltaf að vera í samræmi við þá þekkingu og þær þjóðfélagsaðstæður sem ríkja hverju sinni. Í sameiginlegri aðalnámskrá þeirra þriggja skólastiga sem eru hér á landi, eru taldir upp nokkrir grunnþættir sem öll skólastig verða að hafa í huga þegar verið er að gera námskrá. Einn af þessum grunnþáttum er jafnrétti, en allir þættirnir eru viðamiklir og krefjast mikillar vinnu. Skólum hefur verið skylt með lögum að vera með einhverskonar jafnréttisfræðslu samhliða náminu síðan árið 1976, en einnig er lögð áhersla á að undirbúa bæði stelpur og stráka að taka jafnan þátt í samfélaginu (Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2017; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Leikskólinn er fyrsta stig menntunar héraendis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 og því fellur það skólastig undir jafnréttislög nr. 10/2008 sem nú gilda. Í þeim lögum er lögð áhersla á jafnréttisfræðslu innan skólakerfisins. Fram kemur í lögum um



leikskóla ýmis markmið sem á að stuðla að góðum þroska og velferð barnanna. Markmiðin eru nokkur en þau eiga sameiginlegt að leggja áherslu á að banna hvers konar mismunun vegna kyns, uppruna eða annarra þátta. Einnig er lögð áhersla á lýðræðislegt jafnrétti innan skólakerfisins og að börnin temji sér þann hugsunarhátt (Þórdís Þórðardóttir, 2012).

Ekki er hægt að tala um karlmennsku og kvenleika sem einhvers konar náttúrulega eiginleika og því er mjög mikilvægt að skólarnir og starfsmenn þeirra skipti sér af mótun þessara hugtaka og bregðist við hugmyndum sem umhverfið metur karlmannlegt og kvenlegt (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004). Í leikskóla öðlast börn skilning á umhverfi sínu og þeim sjálfum. Þau bæta í reynslubankann sinn, taka þátt í starfinu og læra samskipti við bæði fullorðna og börn. Í leikskólanum læra börn að staðsetja sig á meðal jafningja sinna og átta sig fljótt á stöðu sinni, þar á meðal hvort þau verði útundan eða fái viðurkenningu á sjálfum sér. Þetta gera þau með því að nýta sér þá þekkingu sem þau hafa lært heima fyrir. Þessi þekking getur ýmist verið samþykkt eða hafnað meðal jafnaldra barnsins. Félagsleg staða barna er mikilvæg fyrir bæði líðan og nám þeirra og því er mikilvægt að átta sig á mögulegri stéttaskiptingu sem myndast í leikskólum. Félagsleg staða barna mótast m.a. af uppruna, kyni, trú og fleira. Í aðalnámskrá leikskóla er greint frá því að í leikskólum þurfi að vinna að jöfnum tækifærum kynjanna til að leysa fjölbreytt verkefni. (Þórdís Þórðardóttir, 2015; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

### **5.2.1 Sýn leikskólastarfsmanna**

Í rannsókn Þórdísar Þórðardóttur (2015) um virðingarsess leikskólabarna kemur fram að leikskólakennarar héldu því fram að þeir væru að passa að það ríkti jafnræði á deildum leikskólans. Þó kom í ljós að þeir virtust ekki átta sig á þeirri menningarlegu mismunun sem er innan leikskóla hérlandis. Þórdís telur að mikilvægt sé að fræða bæði leikskólakennara og þá sem stunda nám við leikskólakennarafræði um jafnrétti í leikskólum og hugsa út fyrir kassann þegar kemur að börnum og þeirra jafnrétti.

Rannsókn var gerð árið 2017 á kynjajafnrétti í skólum og viðhorf leikskólastjóra til málefnisins könnuð. Svör leikskólastjóranna voru mjög fjölbreytt hvað varðar kynjajafnrétti og lögðu þeir bæði áherslu á nemendur og kennara í svörum sínum. Einn af nokkrum leikskólastjórunum sem tók þátt taldi mikilvægt að efla stúlkur í leiðtogahlutverkinu og leggja áherslu á að auka sjálfsvirðingu þeirra. Þá taldi annar leikskólastjóri mikilvægt að leggja áherslu á þau samskipti sem börnin eiga sín á milli á

þann veg að auka virðingu stráka fyrir stelpum. Í þessari rannsókn var áberandi að leikskólastjórar töldu þörf á jafnréttisfræðslu fyrir alla sem koma að málefnum leikskólans, börnunum, kennurum, foreldrum og öðru starfsfólki, sem og auka fræðsluefni um kynjajafnrétti innan veggja leikskólans. Þá var einnig nefnt að mikilvægt væri að stuðla að því að útrýma staðalmyndum kynjanna. Í rannsókninni voru viðhorfin til staðalmyndanna mjög skýr og voru allir sammála um að það þyrfti að reyna að útrýma þeim á einhvern hátt. Rannsakendum þótti það áhugavert og telja það benda til jákvæðrar þróunar hvað varðar breyttar staðalmyndir í samfélaginu. Rannsakendur benda einnig á að Ísland sé heldur ofarlega í öllum mælingum á jafnrétti og því ekki furða að fólk vilji standa saman og halda í jafnréttið sem nú þegar er hér á landi. Í sömu rannsókn kom fram að flestir skólastjórar leikskóla hérlendis lögðu mikla áherslu á að öll börnin sem og foreldrar þeirra fengu sömu tækifæri og nytu einnig sömu réttinda hvað varðar skólastarfið. Þegar velja átti bækur og leikföng sem börn fengu að leika sér með á skólatíma nefndu nokkrir að mikilvægt væri að vera með kyngervi barnanna í huga við valið. Þá nefndu skólastjórnir einnig að mikilvægt væri að hafa reglulegar umræður um jafnrétti, ekki einungis við börnin, heldur einnig við starfsmenn leikskólans, því mikilvægt væri að gæta að kynjuðu málfari við bæði stelpur og stráka leikskólans (Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2017).

Árið 2014 gerðu Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir rannsókn um kynjaðar væntingar til bæði kvenna og karla í leikskólum hérlendis sem sýndi að skortur er á jafnréttisþekkingu í leikskólakerfinu, bæði hjá faglærðum sem og leiðbeinendum. Rannsakendur telja að þeir leikskólar sem tóku þátt í rannsókninni hafi ekki fylgt nokkrum þáttum sem fjallað er um í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Þar kemur fram að markmið þeirra laga séu að bæta stöðu og möguleika kvenna í samfélaginu, vinna að því að áhrif kvenna og karla séu jafn mikils metin. Einnig þarf að vinna gegn ríkjandi staðalmyndum um hlutverk kvenna og karla sem og hefðbundnum kynjaímyndum. Rannsakendur telja að ef á að vinna að auknu jafnrétti á vinnumarkaði hérlendis þurfi að leggja vinnu í að bæta utanumhald kennslu- og umönnunarstarfa í leikskólum. Til að geta unnið gegn einhverskonar fordómum bæði innan og utan leikskólanna þurfi að vinna að því að eyða staðalmyndum um hlutverk kynjanna, t.d. með að fjölga karlkyns leikskólakennurum. Mikilvægt sé að sú vinna blandist inn í leikskólastarfið og telja rannsakendur þessarar rannsóknar að það muni ekki einungis hafa

áhrif á starfsfólk leikskólanna, heldur einnig börnin sjálf (Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014).

### 5.3 Fjölmiðlar og leikfangafyrirtæki

Það hvernig kyn og hegðun kynjanna er sett fram í fjölmiðlum hefur áhrif á það hvernig við skynjum kynhlutverk í kringum okkur. Ákveðin hegðun getur styrkt þá ímynd hvernig á að haga sér eftir kyni og hvernig kynin eiga að haga sér í tengslum við hvort annað. Í rannsókn Popa og Gavriiliu sem gerð var árið 2015 er fjallað um að í þessum flókna heimi sem við búum í er orðið eðlilegt, og jafnvel sjálfsagt, að eldri konur gefi upp starf sitt fyrir yngri konum, hið eðlilega tákni kvenna sé að vera grónn og að nekt kvenna sé ómissandi í hinum ýmsu auglýsingum og þáttum. Ásamt þessum þáttum sem stöðugt koma fram í fjölmiðlum má líka nefna hvernig samböndin á milli kynjanna breytast sem og áherslur innan femínískra hugmynda. Það eru engin ákveðin sjónarmið sem eiga að ríkja á hverjum tíma alls staðar í heiminum og því höfum við staðalmyndir. Heimurinn okkar er mjög skiptur, en honum er m.a. skipt eftir kyni, kynþætti, þjóðerni, kynvitund, aldri, stétt og fötlunum, þar sem kostir og gallar tengjast yfirleitt þessum flokkum. Fjölmiðlar mata samfélagið af upplýsingum um þessa þætti og hafa þeir mikil áhrif á það hvernig einstaklingur í samfélaginu mótar sínar hugmyndir. Allt fer það eftir því hvernig umræðan er sett fram og hvort hún byggist á fordómum og ójafnrétti eða hvort hún er sett fram með jafnrétti í huga og víðsýni. Því ættu fjölmiðlar að stuðla að jafnrétti kynjanna með því að skoða betur það sem sett er út í samfélagið. Hægt væri að útrýma staðalmyndum að miklu leiti með tímanum, á vissum stöðum í heiminum, ef fjölmiðlar myndu taka sig saman og stefna hart að því. Einnig þurfa fjölmiðlar sem og almenningur að vera meðvitaður um þau réttindi og takmarkanir sem þau hafa við kynningu eða svörum við opinberum upplýsingum. Þá þurfa þeir sem eru nýir í fjölmiðlum að passa vel upp á það hvernig rætt er um kynin og hvaða áhrif það hefur á ungt fólk. Félagssráðgjafar geta lagt áherslu á stefnumál sem tengjast kynjajafnrétti og þannig haft áhrif á fjölmiðla og hvernig þeir greina frá hegðun kynjanna (Popa og Gavriiliu, 2015; Weger, 2016).

Margir foreldrar upplifa sig hjálparlausa þegar kemur að fyrirtækjum sem sérhæfa sig í að auglýsa hvers konar varning. Sumir foreldrar kæra sig ekki um að taka þátt í þeirri tísku sem ríkir hjá börnunum sínum hverju sinni en vegna þrýstings frá jafnöldrum þeirra og samfélaginu sjálfu, eiga þau erfitt með að halda aftur af sér. Ef að börnin fylgja ekki

þeim reglum sem hafa orðið í jafningjahópnum eiga þau í hættu á að vera eina barnið sem er öðruvísi. Foreldrar kæra sig ekki um að setja barn sitt í þá stöðu að missa vini eða verða útundan vegna þess að barnið er öðruvísi á einhvern hátt. Þá þykir foreldrum oftast skárna að falla í gildir fyrirtækja sem halda úreltum kynmyndum við frekar en að barnið verði útilokað úr vinahópnum. Velgengni fyrirtækjanna er sprottin upp vegna þess að foreldrarnir velja að hafa viðskipti við þau. Þegar foreldrar eru til í að kaupa hvað sem er fyrir börnin sín, væri skrítið ef fyrirtæki myndu sleppa því að framleiða þær vörur. Foreldrar eru þá settir í þá stöðu að standa á móti alþjóðlegum fyrirtækjum sem vopnuð eru háþrúðum söluaðferðum og eru með fjárhag upp á margar milljónir til þess að selja vöruna (Sue Palmer, 2014).

Þegar stórar leikfangaverslanir eru heimsóttar er mikill möguleiki á að hægt sé að finna fulla verslun af dýrum leikföngum fyrir börn sem eiga að efla þau á einhvern hátt, þrátt fyrir að sálfræðingar hafa sýnt fram á það að þessi leikföng geti hamlað þroska barnanna að einhverju leiti (Sue Palmer, 2014).

#### **5.4 Leikföng og barnaefni**

Niðurstöður rannsókna sýna fram á að stelpur og strákar fá mismunandi viðbrögð hvað varðar áhuga þeirra á leikjum og leikföngum. Strákar fá að finna fyrir neikvæðara viðhorfi þegar þeir leika sér með leikföng sem eru af sumum álitin ekki passa við kyn þeirra heldur en stelpur. Þeir finna einnig fyrir meiri þrýsting frá jafningjum sínum en stelpur að haga sér eins og gert er ráð fyrir að strákar hagi sér. Það virðist vera svo að stelpur hafi meiri sveigjanleika í leikfanga vali sínu og áhugasviði heldur en strákar. Krakkar fá oft þau skilaboð frá samfélaginu að það sé í lagi fyrir stelpur að leika með bíla en það sé ekki í lagi fyrir stráka að leika með dúkkur. Þó virðast fleiri leikföng vera að flokkast sem hlutlaus leikföng en hér áður. Fólk virðist vera meðvitaðra um staðalmyndir kynjanna og er tilbúið til þess að ögra þeim (Rabelo, Bortoloti og Souza, 2014; Popa og Gavriliu, 2015).

Talið er að flestar bækur sem ætlaðar eru fyrir börn innihaldi einhverskonar boðskap um börn sem og aðra einstaklinga sem smitaður er af staðalmyndum. Þessi boðskapur sést í þeirri menningu sem ríkir á hverjum stað fyrir sig og gildum þess samfélags. Fyrst og fremst er barnaefni notað vegna skemmtanagildis, en það nýtist þó einnig til að skilja umhverfi sitt, foreldra, vini og aðra. Barnaefni er oft fullt af einhverskonar staðalmyndum um hvernig kynin eiga að haga sér. Disney er fyrirtæki sem framleiðir teiknimyndir og

afþreyingarefni fyrir börn á öllum aldri og er það fyrirtæki þekkt fyrir að troða staðalmyndum kynjanna inn í efnið sem þeir gefa út. Prinsessu- og ofurhetju teiknimyndir eru áberandi frá fyrirtækinu og hefur efnið mikil áhrif á börn þar sem þau læra mikið um kvenleika og karlmennsku. Sú karlmennska sem er hvað mest áberandi í efni Disney er hetjuskapur. Karlmennirnir berjast við hættuleg skrímsli eða kraftakarla og standa uppi sem hetjur þegar þeir sigra andstæðinga sína. Kvenleikinn er hinsvegar sýndur á þann hátt að prinsessurnar lokka til sín sterka menn með fegurð sinni og góðvild. Rannsókn Þórdísar Þórðardóttur um kynjaða lærdóma í leikskóla (2012) sýndi að börn á aldrinum 2-11 ára eru að horfa á sjónvarpsefni af þessu tagi í um 28 tíma á viku. Sá lærdómur sem fylgir þessu áhorfi er sá að mennirnir eru árásargjarnir með mikil völd á meðan konurnar eru umhyggjusamar og veita stuðning. Niðurstöður sömu rannsóknar sýna fram á það að stelpum sé frekar sýnt ævintýri um prinsessur en strákum sögur um ofurhetjur. Svör foreldra bentu á að drengir hefðu greiðari aðgang að sjónvarpi og tölvuleikjum, eða um 83%, á meðan á heimilum stelpna var frekar lögð áhersla á bókalestur og ævintýri, eða um 76%. Einnig kom fram að strákunum á leikskóladeildinni sem Þórdís skoðaði þótti Lína Langsokkur ekki næstum jafn sterk og flott eins og aðrar ofurhetjur. Þessar ályktanir barnanna benda til þess að einhverskonar kynjaðar hugmyndir séu til staðar sem fela í sér undirskipan kvenna og þeirra kvenleika og yfirskipan karlmannna og þeirra karlmennsku (Þórdís Þórðardóttir, 2012).

Heimur barna er kynjaður og er félagslega umhverfi þeirra blandað af sýnilega heimi þeirra og félagslegum samskiptum sem barnið á við aðra. Þegar sýnilegi heimur barna er skoðaður má sjá kynjaðar skreytingar í herbergjum barna, leikföng og fatnað sem passa við staðalmyndir kynjanna, að bleikt sé fyrir stelpur og blátt fyrir stráka. Þó svo að litir séu algengasti merkimiðinn til að skilgreina hvort leikfang sé hannað fyrir stelpu eða strák eru einnig til hin ýmsu merki sem gefa það einnig til kynna. Það hvort að á leikfanginu sé mynd af flugvél eða af blómi getur gefið til kynna hvort leikfangið sé talið karlmannlegt eða kvenlegt og þá hvort það sé hugsað fyrir drengi eða stúlkur. Tilgangur leikfanganna gefur einnig vísbendingu um hvort að það falli betur undir hugmyndir karlmenskunnar eða kvenleikans. Rannsóknir sýna að oftast en ekki eiga stelpur fleiri dúkkur en strákar og leika sér frekar með leikföng sem eru tengd heimilisverkum, s.s. að ryksuga, elda eða passa börnin. Strákarnir eiga hinsvegar fleiri verkfæri, íþróttadót og bíla í sínum herbergjum heldur en stelpur (Wood, Desmarais og Gugula, 2002).

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að ekki sé marktækur munur á nýfæddum börnum og litavali þeirra. Þá hafa rannsóknir verið gerðar og skoðað hvort barnið hafi tilhneigingu til að horfa meira á kvenlega litinn eða karlmannlega litinn, en niðurstöður þeirra rannsókna sýna að svo sé ekki. Þessar rannsóknir staðfesta enn frekar að umhverfi og félagsnám ákvarði litaval barna, ekki eðli (Cohen, 2013).

## 6 Kynjajafnrétti og félagsráðgjöf

### 6.1 Jafnrétti í nánasta umhverfi barna

Jafnréttismál á Íslandi eru í góðu horfi í alþjóðlegum samanburði en Ísland hefur verið efst á lista Alþjóðæfnaðagsráðsins hvað varðar jafnrétti kynjanna í 9 ár, en þrátt fyrir það má gera betur. Í fræðigreinum er bent á að lögin í landinu tryggja ekki raunverulegt jafnrétti ein og sér. Launamisrétti tíðkist enn, kynferðislegt ofbeldi og áreiti sé orðið meira en áður og að konur hafi yfirleitt mun minni völd og tækifæri til að hafa áhrif en karlar. Mikilvægt er að fjalla um þetta í skólum landsins og gera börn og unglunga meðvitaða um þá stöðu sem er hverju sinni. Þó svo að lög um jafnrétti séu mikilvæg forsenda jafnréttis er ljóst að fleiri þættir hafa áhrif á hversu mikið jafnrétti ríkir, pólitískar áherslur þjóðfélagsins og stefnur innan skólakerfisins hafa heilmikið að segja um stöðu jafnréttisins (Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2017).

Niðurstöður í rannsókn Þórdísar (2012) benda til þess að leikskólakennarar vilji vinna að auknu jafnrétti og sporna við hverskonar misrétti kynjanna á deildum sínum innan leikskólans. Þeir leikskólakennarar sem rætt var við töldu að til þess að ná fram einhverjum jöfnuði leikskólabarnanna þyrfti að passa að blanda ekki kyni barnanna inn í menntun þeirra sem og uppeldi. Leikskólakennarar áttu það til að sækja til hugmynda eðlishyggjunnar þegar skýra átti af hverju börn léku sér eins og þau léku sér, með því að segja að það væri í eðli stelpna að æfa fínhyreyfingar sínar á meðan það sé í eðli stráka að æfa grófhreyfingar sínar. Ef svo er getur sú afstaða stuðlað að þöggun og kynjablindu meðal kennaranna. Eins og fram kemur í lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber kennurum skylda að gera ekki upp á milli barna út frá kyni þeirra eða mismuna þeim á einhvern hátt. Þeir eiga að veita fræðslu um jafnrétti kynjanna, en í stað fyrir að fræða börnin virtist kennsla þeirra geta viðhaldið misréttinu á einhvern hátt (Þórdís Þórðardóttir, 2012). Það

félagslega ferli sem á sér stað þegar bæði karlar og konur sannfæra sig um að það ríki jafnrétti þó svo að raunin sé ekki sú, er yfirleitt kallað ára kynjajafnréttis. Hugtakið býr yfir margskonar birtingamyndum misræmis á milli þess sem er í raun og veru og gjörða sem tengjast því og þess sem er ákjósanlegt og félagslega viðurkennt. Ára kynjajafnréttis snýst þannig um hvernig konur og karlar trúa að jafnrétti sé í raun og veru í samfélaginu þó svo að margt bendi til þess að svo sé ekki, eins og hvað varðar laun og mismunandi tækifæra í samfélaginu (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012).

Mikilvægt er að koma inn hugmyndum kynjafræðinnar og hugtökum hennar til þeirra sem vinna eða ætla að með börnum. Einnig ættu nýútskrifaðir kennarar að fá góða fræðslu um málefnið áður en haldið er út á vinnumarkaðinn. Þeir einstaklingar þurfa að vera til þess búnir að sjá þegar um kynjamismunun er að ræða í skólastarfi þeirra. Mikilvægt er að kennarar sem starfa við skólann, sérstaklega þeir sem hafa lengi verið við vinnu, eigi kost á að sækja endurmenntunarnámskeið um mikilvægi jafnréttis og rifji upp þær megin áherslur sem eru settar fram í kynjafræði. Það gæti gert kennara meðvitaða um það jafnrétti sem á að ríkja í skólum og líklegri til þess að stuðla að jafnréttisfræðslu innan skólans. Það gæti einnig stuðlað að því að lögð sé áhersla á að leyfa börnunum að efast um staðalmyndir í íslensku samfélagi í dag (Þórdís Þórðardóttir, 2012). Þó svo að einhver áhætta leynist í því þegar vikið er frá hinum hefðbundnu staðalmyndum kynjanna í því kynjaða þjóðfélagi sem Ísland er, þá er mikilvægt að gefast ekki upp á að vinna að kynjajafnrétti innan skóla landsins. Jafnréttismál eru ekki einföld og geta jafnvel verið viðkvæm úrlausnar. Það er mikilvægt að öll sú fræðsla sem í boði er fyrir skólastjórnendur og kennara byggji á grunngildum samfélagsins á hverjum tíma í jafnréttismálum en taki jafnframt mið af þörfum einstaklinganna, og sé þannig í takt við tímann. Þó svo að kennarar í leik- og grunnskólum telji sig vera leggja áherslu á jafnrétti þarf stöðugt að skoða og meta hvort hægt sé að gera eitthvað öðruvísi til að ná enn frekari árangri (Þórdís Þórðardóttir, 2015; Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2017).

Rannsóknir á því sem er líkt og því sem er ólíkt hjá kynjunum eru mikilvægar vegna ýmissa þátta. Þar ná nefna að staðalmyndir um kynin eru misjafnar og munurinn á þeim er mikill. Það er mikilvægt að meta áhrif þessara staðalímýnda á hegðun fólks og hvort þessi hegðun sem byggir á þeim eigi rétt á sér. Rannsóknir á þessu sviði eru líka nýttar

þegar ný stefna er mótuð, eins og kynjaskiptum skólum og fleira. Þá er mikilvægt að geta metið mun kynjanna út frá rannsóknum (Hyde, 2014).

## 6.2 Félagsráðgjöf og aðkoma félagsráðgjafa

Samkvæmt lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 er félagsráðgjöf lögverndað starfsheiti, sem þýðir að aðeins þeir sem hafa starfsleyfi frá Landlæknisembætti Íslands mega starfa sem félagsráðgjafar. Félagsráðgjöf breytist og aðlagar sig í takt við þau félagslegu vandamál sem eiga sér stað hverju sinni. Því er skilgreining á félagsráðgjöf erfið, huga þarf að því hversu breytilegt samfélagið og þörfin er hverju sinni. Félagsráðgjöf er mótuð af samskiptum manna og félagslega umhverfi þeirra sem hefur áhrif á hæfni fólks til að ná markmiðum sínum í lífinu, draga úr álagi og kvíða og gera sér grein fyrir væntingum sínum og gildum. Tilgangur félagsráðgjafar er þá að reyna að vinna úr hverjum þeim félagslegu vandamálum sem upp koma. Í félagsráðgjöf er einnig lögð mikil áhersla á að mæta þörfum einstaklinga með áherslu á þarfir þeirra sem eru í bágri stöðu, kúgaðir eða búa við fátækt. Félagsráðgjafar vilja með starfi sínu stuðla að réttlæti og félagslegum breytingum fyrir hönd einstaklinga, fjölskyldna, hópa og samfélaga. Þeir leitast einnig eftir því að draga úr mismunun, kúgun, fátækt eða öðru félagslegu óréttlæti, oftast með einhverskonar samfélagsgjörðum, eftirliti, fræðslu, rannsóknum eða leiðsögn. Mikil áhersla hefur einnig verið á að mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur, í hans umhverfi og á hans forsendum. Heildarsýn er hugtak sem er samtvinnað vinnu félagsráðgjafa og er grundvallaratriði heildarsýnar að rýna í samskipti einstaklingsins við stofnanir, vini, fjölskyldu og skoða aðra þætti sem tengjast honum og hafa áhrif á hann. Félagsráðgjafar leggja einnig áherslu á hjálp til sjálfshjálpar, en það er sú trú sem félagsráðgjafinn hefur á að einstaklingurinn geti hjálpað sér sjálfur og hjálpar hann einstaklingnum þannig að takast á við eigin vandamál (Healy, 2014; Higham, 2006; Farley, Smith og Boyle, 2009).

Í siðareglum félagsráðgjafa kemur fram að megin undirstaða félagsráðgjafarinnar sé að virða manngildi og sérstöðu einstaklinga. Lögð er áhersla á að félagsráðgjafar trúi á getu hvers til að nýta sér hæfileika sína eins vel og mögulegt er. Markmiðið er að reyna að leysa vandamál hópa og einstaklinga og að vinna að því að koma í veg fyrir hverskonar félagslegt ranglæti. Einnig kemur fram í siðareglum félagsráðgjafa að félagsráðgjafi eigi að vera meðvitaður um mannréttindabrot og reyna eftir bestu getu að vinna gegn þeim



hvar og hvenær sem er. Mikilvægt er fyrir félagsráðgjafa að byggja upp traust og sýna skjólstæðingum sínum virðingu. Félagsráðgjafi leggur áherslu á að virða rétt einstaklinga til einkalífs og ber skylda að virða sjálfsákvörðunarrétt hvers og eins, svo lengi sem enginn annar hljóti af því skaða. Í starfi félagsráðgjafa er lögð mikil áhersla á heildarsýn og að fræðilegum kenningum og niðurstöðum rannsókna sé fylgt. Samkvæmt ábyrgðar- og hæfnisskyldum siðareglna félagsráðgjafa á félagsráðgjafi að eiga frumkvæði á nýjum og skapandi hugmyndum sem og koma þeim í framkvæmd, en þarf að gæta þess að vera málefnalegur og faglegur. Mikilvægt er fyrir félagsráðgjafa að kynna þekkingu sína fyrir sem flestum, hvort sem það eru aðrir félagsráðgjafar, nemendur í félagsráðgjöf, aðrir faglærðir einstaklingar eða almenningur (Embætti landlæknis, e.d.).

Í rannsókn Goldblatt og Buchbinder (2003) er bent á mikilvægi þess að kynjafræði og almenn fræðsla um kynhlutverk verði hluti af námsefni fyrir félagsráðgjafarnema, sem og aðra nemendur á hærri skólastigum. Það er því auðvelt að færa rök fyrir því að því fyrir sem er byrjað að fjalla um og fræða fólk um staðlaðar kynímyndir og stöðu kynjanna í samfélaginu, því minni líkur eru á að misrétti milli kynja verði þegar fram líða stundir.

Í grein Burdge (2007) er gengið svo langt að tala um að félagsráðgjafar eigi að hafna hinum hefðbundnu skilgreiningum og hugmyndum um kyn almennt, enda sé hin tveggja kynja heimssýn uppspretta misréttis og kúgunar. Þrátt fyrir að Burdge fjalli um þessi málefni í tengslum við stöðu transfólks, varpar þetta ákveðnu ljósi á hvað hin stöðluðu kynhlutverk geta haft mikil áhrif á hina ýmsu þjóðfélagshópa. Fólk sem hefur sætt misrétti og kúgun vegna kyns er oft stór hluti af því fólki sem félagsráðgjafar vinna með og því eiga þeir að vera í lykilhlutverki sem talsmenn þessa hóps (Burdge, 2007).

Það er engin tilviljun að þeir sem eiga erfitt með að staðsetja sig sem ákveðið kyn, leiti til félagsráðgjafa, en það er samfélagið sem bregst við og skapar ákveðnar kynímyndir. Kyn er tengt við manneskjuna strax í móðurkviði og hún skilgreind samkvæmt því. Lögð er áhersla að manneskja sé annað af tvennu, karlkyns eða kvenkyns (Burdge, 2007) og það sem fjallað er um í kafla 2 um staðalmyndir, segir til um að samfélagið styrki svo þessar kynhugmyndir þegar börn eru rétt að komast til vits og ára.

## 7 Umræður og lokaorð

Markmið ritgerðarinnar var að skoða umhverfi ungra barna með tilliti til staðalmynda og kynjunar. Rannsóknarspurningin sem unnið var að svara var: Hefur félagslegt umhverfi barna áhrif á kynhugmyndir þeirra? Félagsráðgjöf og starf félagsráðgjafa var sérstaklega skoðað með tilliti til þess hvernig þeir geta haft áhrif á kynhugmyndir barna.

Rannsóknir sína fram á að börn læra það sem fyrir þeim er haft og að foreldrar og aðrir uppeldisaðilar hafa mikil áhrif á mótun skoðana og hegðunar þeirra. Umhverfi barna er fjölbreytt og það er margt sem hefur áhrif á það hvernig þau upplifa heiminn í kringum sig og hvernig það hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra. Því er mikilvægt að foreldrar og þeir sem starfa með börnum geri sér grein fyrir þeim gildum sem viðgangast innan karlmenskunnar og kvenleikans og hversu neikvæð áhrif þessi hugtök geta haft. Einnig er mikilvægt fyrir alla að vera meðvitaða um staðalmyndir sem ríkja í samfélaginu og hversu slæm áhrif þær myndir geta haft á sjálfstraust og hegðun einstaklinga. Þessar staðalmyndir hafa mikil áhrif á þroska og sjálfstraust ungra barna og því hlutverk fullorðinna að draga úr þessum myndum.

Niðurstöður ritgerðarinnar sýna fram á að hægt er að skýra kynjaða félagsmótun út frá ýmsum kenningum. Börn fæðast ekki með ákveðnar hugmyndir um hvernig á að haga sér út frá kyni heldur telja fræðimenn að börn læri inn á viðurkennda hegðun og gildi í umhverfi sínu og hagi sér eftir því. Eðlishyggjuhugmyndir eru enn allt í kringum okkur en sem betur fer hefur verið mikil vitundarvakning í þessum málum með komu mótunarhyggjunnar, þar sem m.a. er gert grein fyrir því að kyngervi sé félagslega mótað fyrirbæri en ekki eitthvað sem er að finna í eðli fólks. Femínískar kenningar ganga svo út á það að leggja áherslu á jafna stöðu kynjanna og gæta þess vel að allir fá sömu tækifæri. Margir félagsráðgjafar vinna eftir femínískum hugmyndum og er sú fræði kölluð femínísk félagsráðgjöf.

Ritgerðin leiddi í ljós að stærsti hluti félagsmótunar ungra barna fer fram hjá fjölskyldu eða á stofnunum, s.s. leikskóla, og hafa þessir aðilar mikið að segja um hverskonar kynhugmyndir börn þróa með sér. Umhverfi barna er mjög kynjað, bækur, leikföng og barnaefni. Fjölmíðlar mati oft bæði börn og fullorðna um hvernig þau eigi að haga sér eftir kyni og ýti of oft undir staðalmyndir sem ríkja í samfélaginu hverju sinni.

Jafnrétti héraendis telst mjög gott samkvæmt mælingum sem gerðar hafa verið. Þó er fræðsla innan leikskóla um jafnrétti kynjanna og áhrif staðalmynda á kynhugmyndir barna af skorum skammti. Leikskólastarfmenn telja flestir að jafnréttissjónarmiða sé gætt – það gæti verið orðum aukið. Það má vera að þeir leggi sig fram við að gæta jafnréttis eins og þeir best geta, en þegar rannsóknir eru gerðar kemur í ljós að margt mætti betur fara. Bæta má jafnréttisfræðslu fyrir starfsmenn og foreldra barnanna sem og börnunum. Einnig mættu vera í boði endurmenntunarnámskeið um félagsmótun til jafnréttis. Þekking og áhugi félagsráðgjafa á jafnréttismálum er mismunandi og því ætti jafnréttisfræðsla fyrir félagsráðgjafa að vera algengari, því oftast en ekki vinna þeir með börnum að einhverju leiti. Fræðsla þarf að eiga sér stað sem hefur að markmiði að vekja foreldra til umhugsunar um val á leikföngum og barnaefni á heimilum sínum, slík fræðsla myndi eflaust styrkja jafnréttisþátt félagsmótunar barna.

Eins og fram kemur í siðareglum félagsráðgjafa búa þeir yfir mörgum verkfærum til að leysa mál sem snúa að fordómum, mismunum og fleira. Ætla má að félagsráðgjafar, ekki síst þeir sem vinna út frá femíniskri hugmyndafræði, geti haft mikið til málanna að leggja við fræðslu og viðhorfsbreytingar til foreldra, skóla og annarra stofnana um það hvernig hægt sé að vinna að betra jafnrétti hjá ungum börnum. Þá geta þeir einnig lagt sig fram við að útrýma þeim gildum og viðmiðum sem kunna að ríkja um hegðun kynjanna. Þeim er ætlað að vinna með heildarsýn, sem ætti að nýtast vel í starfi með börnum þar sem taka þarf tillit til allra þeirra þátta sem hafa áhrif á börnin. Félagsráðgjafar sem starfsstétt eru í góðri stöðu til að koma fram með ný viðhorf og hugmyndir um hlutverk kynjanna. Þeir hafa aðgang að breiðum hóp og starfa víða í samfélaginu. Í skólum er mikilvægt að öflug fræðsla um kynvitund, kynhlutverk og fleira eigi sér stað og er tilvalið að t.d. skólafélagsráðgjafi verði hluti af þeirri fræðslu vegna sérþekkingar sinnar. Þá gætu félagsráðgjafar nýtt sér þekkingu sína og heildarsýn á samfélagið til að auka áherslu á fræðslu um kyn og kynhlutverk, og æskilegt væri að festa kynjafræði í sessi sem skyldufag innan félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands.

Niðurstaða þessarar ritgerðar er að félagslegt umhverfi ungra barna hafi mikil áhrif á kynhugmyndir þeirra þar sem þau verða fyrir miklum áhrifum staðalmynda og læra fljótt hvernig samfélagið ætlast til þess að þau hagi sér.

---

Kristjana Marín Jónsdóttir

## Heimildaskrá

- Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir. (2005). *Kynjamyndir í skólaskrifum*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmsdóttir. (2011). Skaðleg karlmennska? Greining á bókinni Mannasiðir Gillz. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/005/005.pdf>
- Bandura, A. (1971). *Social learning theory* [rafræn útgáfa]. New York: General learning press.
- Bandura, A. (1977). *Social learning theory*. Englewood Cliffs, N.J.: Prentice-Hall.
- Bandura, A. (1997). *Self-Efficacy: The exercise of control*. New York, NY: W. H. Freeman.
- Beckett, C. og Taylor, H. (2010). *Human Growth and Development* (2. útg.). London: Sage Publications.
- Blaise, M. og Taylor, A. (2012). Using queer theory to rethink gender equity in early childhood education. *YC Young Children*, 67(1), 88-97.
- Bowen, M. (2007). Alcoholism as viewed through family systems theory and family psychotherapy. *Annals New York Academy of Sciences*, 233(1), 115-122.
- Budgeon, S. (2014). The Dynamics of Gender Hegemony: Femininities, Masculinities and Social Change. *Sociology*, 48(2), 317-334. doi: 10.1177/0038038513490358.
- Burdge, B. J. (2007). Bending Gender, Ending Gender: Theoretical Foundations for Social Work Practice with the Transgender Community. *Social Work*, 52(3), 243-250.
- Cohen, P. N. (2013). Children's Gender and Parents' Color Preferences. *Arch Sex Behav.*, 42(3), 393-397. doi: 10.1007/s10508-012-9951-5.
- Creswell, J.W. (2007). *Qualitative inquiry and research design: Choosing among five approaches* (2. Útgáfa). Thousand Oaks, CA: Sage Publications.
- Crotty, M. (1998). *The foundations of social research: Meaning and perspective in the research process*. London: Sage Publications.
- Dominelli, L. og McLeod, E. (1989). *Feminist Social Work*. New York: Macmillan.
- Dozier, R. (2005). Beards, Breast and bodies: Doing sex in a gendered world. *Gender & Society*, 19(3), 297-316.
- Embætti landlæknis. (e.d.). *Síðareglur félagsráðgjafa*. Sótt af <https://www.landlaeknir.is/gaedi-og-efartil/heilbrigdisstarfsfolk/starfsleyfi/sidareglur/item13340/>
- Endengijk, J. J., Groenveld, M. G., van Berkel, S. R., Hallers-Haalbook, E. T., Mesman, J. og Bakersmans-Kranenburg, M. J. (2013). Gender Stereotypes in the Family Context:

- Mothers, Fathers, and Siblings. *Sex Roles*, 68(9), 577-590. doi: 10.1007/s11199-013-0265-4.
- Farley, O. W., Smith, L. L. og Boyle, S. W. (2009). *Introduction to Social Work*. Boston: Pearson Education, Inc.
- Goldblatt, H. og Buchbinder, E. (2003). Challenging Gender Roles: The Impact On Female Social Work Students Of Working With Abused Women. *Journal Of Social Work Education*, 39(2), 255-275.
- Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2017). Hvernig er tekið á fræðslu um kynjajafnrétti í skólum? Athugun á viðhorfum, þekkingu og áhuga skólustjóra þriggja skólastiga. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/17.pdf>
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið* 3(1), 5-18.
- Hanna, R. C., Crittenden, V. L., og Crittenden, W. F. (2013). Social Learning Theory: A Multicultural Study of Influences on Ethical Behavior. *Journal of Marketing Education*, 35(1), 18-25. doi: 10.1177/0273475312474279.
- Healy, K. (2014). *Social work Theories in context: Creating frameworks for practice*. (2.útg.). Basingstoke: Palgrave.
- Higham, P. (2006). *Social Work: Introducing Professional Practice*. London: SAGE Publications.
- Hyde, J. S. (2014). Gender Similarities and Differences. *The Annual Review of Psychology* 65, 373-398.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Kvennréttindafélags Íslands. (2004). Kynlegir karlar – Karlmannsímmyndir póstmóðernismans. *Ársrit Kvennréttindafélags Íslands*, 53(1), 28-30.
- Lander, L., Howsare, J. og Byrne, M. (2013). The Impact of Substance Use Disorders on Families and Children: From Theory to Practice. *Social Work in Public Health*, 28, 194-205. doi: 10.1080/19371918.2013.759005.
- Laufey Axelsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2014). Kynjaðar væntingar til kvenna og karla í tveimur leikskólum. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/002.pdf>
- Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.

- Mascia-Lees, F og Blac, N. (2000). *Gender and anthropology*. Prospect Heights: Waveland Press Inc.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Sótt af [https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk\\_vefur.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf).
- Muuss, R. E. (1988). *Theories of adolescence*. (5. Útgáfa). New York: Crown/Random House.
- Numer, M. S. og Gahagan, J. (2009). The sexual health of gay men in the post-AIDS era: Feminist, Post-structuralist and queer theory perspectives. *International journal of Men's health*, 8(2), 155-168.
- Rabelo, L. Z., Bortoloti, R. og Souza D. H. (2014). Dolls are for Girls and Not for Boys: Evaluating the Appropriateness of the Implicit Relational Assessment Procedure for School-Age Children. *Psychol Rec*, 64, 71-77. doi: 10.1007/s40732-014-0006-2.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stone, E. A., Brown, C. S. og Jewell, J. A. (2015). The Sexualized Girl: A Within-Gender Stereotype Among Elementary School Children. *Child Development*, 86(5), 1604-1622.
- Sue Palmer. (2014). *21st century girls: How the modern world is damaging our daughters and what we can do about it*. London: Orion Books.
- Szymanski, D. M. (2005). A feminist approach to working with internalized heterosexism in lesbians. *Journal of College Counselling*, 8(1), 74-85.
- Turner, S. G. og Maschi, T. M. (2015). Feminist and empowerment theory and social work practice. *Journal Of Social Work Practice*, 29(2), 151-162. doi: 10.1080/02650533.2014.941282.
- Pandya, S. P. (2014). Feminist Social Work: An Indian Lens. *Affilia: Journal of Women and Social Work*, 29(4), 499-511. doi: 10.1177/0886109914541272.
- Patterson, M. M. (2012). Self-perceived gender typicality, gender-typed attributes, and gender stereotype endorsement in elementary-school-aged children. *Sex Roles*, 67(7-8), 422-434. doi: 10.1007/s11199-012-0184-9.
- Popa, D. og Gavriľiu, D. (2015). Gender Representations and Digital Media. *Procedia – Social and Behavioral Sciences*, 180, 1199-1206.
- Þorgerður Einarsdóttir (2004). „Hið vísindalega er pólitískt. Femínismi sem fræðikenning andófs og baráttu”. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstjórar), *Íslensk félagsfræði. Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar* (bls 200-225). Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Þórdís Þórðardóttir. (2012). *Að læra til telpu og drengs: Kynjaðir lærdómar í leikskóla*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/016.pdf>

Þórdís Þórðardóttir. (2015). *Virðingarsess leikskólabarna: Þekking á barnaefni, kynjun og lagskipting í tveimur leikskólum*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/001.pdf>

Weger, B. M. (2016). *Social Work and Social Welfare An Invitation*. (4. Útgáfa). New York: Routledge.

Wood, E., Desmarais, S. og Gugula, S. (2002). The Impact of Parenting Experience og Gender Stereotyped Toy Play of Children. *Sex Roles*, 47(1), 39-49.